



Reykjavík 22.02.2024

Sveitarfélagið Múlaþing
Bt: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri
Lyngási 12,
700 Egilstöðum

Efni: Um tillögu í öryggisátt í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um breytingar á skipulagi sveitarfélagsins

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur lokið rannsókn á banaslysi sem varð við Víkurland á Djúpavogi þann 21. júní 2022. Í slysinu lést gangandi vegfarandi sem varð fyrir vinnuvél. Í skýrslunni er þeirri tillögu beint til Múlaþings að vinna að breytingum á skipulagi fyrir hafnarsvæðið, þar sem slysið varð, meðal annars til að tryggja umferðaröryggi gangandi vegfarenda.

Ekki voru gerðar breytingar á skipulagsáætlunum fyrir svæðið þar sem slysið varð áður en listaverk var sett upp, en gera mátti ráð fyrir að listaverkið drægi að sér nokkurn fjölda vegfarenda.

Með vísan til 35. gr. laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 óskar nefndin eftir því að fá upplýsingar um með hvaða hætti brugðist verður við þessari tillögu nefndarinnar, sem skal gert innan þriggja mánaða. Útdráttur úr svari verður birtur á vef nefndarinnar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er skýrsla nefndarinnar um slysið, en hún hér einnig verið birt á vef nefndarinnar, www.rnsa.is.

Virðingarfyllst,
f.h. rannsóknarnefndarinnar

Helgi Þ. Kristjánsson